

Fundargerð íbúafundar Hverfisnefndar Lunda- og Gerðahverfis sem haldinn var í Lundarskóla þann 16. maí 2006, mættir voru ríflega 120 manns.

Fundarstjóri var Óskar Þór Halldórsson og vill hverfisnefndin færa honum kærar þakkir fyrir skelegga fundarstjórn. Eftir setningu fundar var nefndin kynnt og sá Ingibjörg Baldursdóttir síðan um að tilgreina helstu markmið nefndarinnar sem eru að “Vinna að framfara- og hagmunamálum íbúanna” sem og “að stuðla að samhug og samstarfi íbúanna”. Einnig sagði Ingibjörg fundargestum frá því starfsumhverfi sem stjórnkerfið skapar nefndinni.

Næst steig Hilmar Ágústson í pontu og kynnti lög hverfisnefndar sem og verkefnalista næsta árs ásamt Sædís Gunnarsdóttur. Gengið var út frá skiptingu nefndarinnar í fjóra verkefna flokka; Samgöngur og umferðaröryggi, Umhverfi og umgengni, Skipulagsmál og Samfélag. Fundargestum var gefinn tími á milli kynninga til að skrifa niður tillögur að verkefnum í hverjum flokki fyrir sig. Hverfisnefnd óskaði eftir því að fólk benti á ákveðin dæmi sem þörfuðust úrbóta. Í lok kynningarinnar var tillögum fundarinnar safnað saman og mun Hverfisnefndin fara yfir tillögurnar, forgangsraða þeim og kynna nýjan verkefnalista á aðalfundi á haustdögum og mun sá listi gilda til eins ár í senn.

Eftir kaffihlé, þar sem hinn mikli fjöldi fundarinnar nærði sig á kleinum og fleira meðlæti, var tekinn fyrir síðasti liður fundarinnar sem var “Tengibrautir, kynning á skipulagsferli og stöðu mála” Sökum veikinda Ingvars Þóroddssonar sá fundarstjóri um að kynna þennan málaflokk. Í umræðunni sem fylgdi í kjölfarið tóku um 10 manns til máls og var meirihluti þeirra á móti Dalsbraut en lagning Dalsbrautar og Miðhúsabrautar voru helstu umræðuefni fundarinnar. Tæpt var á ýmsum málefnum tengdum tengibrautum svo sem umferðarmælingum, því rými sem liggur undir fyrir Dalsbraut, hvort hægt sé að leggja hana í stökk, mengun, umhverfismat tengt lagningu Dalsbrautar og umferðaröryggi svo eitthvað sé nefnt.

Að loknum umræðum var fundi slitið um 10.